



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR – 4. nóvember 2003

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 32. fundar þriðjudaginn 4. nóvember 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 62. fundar bæjarráðs frá 30. október.
  2. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 22. október.
  3. Fundargerð fræðslu,-íþróttá- og tómstundanevndar frá 22. október.
  4. Fundargerð menningar- og safnanevndar frá 23. október.
- Óskað var eftir upptöku liðarins “önnur mál”. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 62. fundar bæjarráðs frá 30. október sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, var hún samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Þá var tilnefnt í vinnuhóp samkv. 3. lið fundargerðarinnar. Í vinnuhópinn voru tilnefnd þau Hjördís Blöndal, Helgi Arnarson og Auðunn Steinn Sigurðsson.
2. Fundarferð húsnæðisnefndar frá 22. október sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð fræðslu,- íþróttá- og tómstundanevndar frá 22. október sl kynnt og afgreidd. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð menningar- og safnanevndar frá 23. október sl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Önnur mál.

- a) Fyrirspurn D-lista á fundi bæjarstjórnar 21. október 2003 v/afgreiðslu á meðferð atkvæðisréttar á aðalfundi Félagsheimilisins. Fulltrúar D-lista óskuðu eftir að svar forseta yrði fært til bókar.  
Svarið er svohljóðandi. *“Fyrirspurnin er til komin vegna álits félagsmálaráðuneytisins dags. 13. október 2003 vegna afgreiðslu bæjarráðs 28. ágúst sl. þar sem meirihluti bæjarráðs ákvað að fela einum bæjarfulltrúa að fara með atkvæði Blönduóssbæjar á aðalfundi Félagsheimilisins á Blönduósi sem er einkahlutafélag. Á þessum fundi bæjarráðs lagði fulltrúi D-lista í bæjarráði fram eftirfarandi bókun. “Undirritaður lýsir yfir mikilli óánægju með að einum fulltrúa sé falið að fara með atkvæðisrétt á aðalfundi Félagsheimilisins ehf. Það er rétt og eðlilegra að þeim kjörnu fulltrúum úr bæjarstjórn sem mæta til fundarins fari með atkvæðisréttinn. Undirritaður óskar eftir því að fá túlkun félagsmálaráðuneytisins á þessari ákvörðun bæjarráðs.” Í áliti félagsmálaráðuneytisins er staðfest að bæjarráð hafi fulla heimild til að tilnefna einn aðila til að fara með atkvæðisrétt bæjarins á aðalfundi hlutafélagsins. Það var það atriði sem fulltrúi D-listans gerði*

*athugasemd við á fundinum 28. ágúst. Hins vegar kemur fram í álitinu að þar sem bæjarráð hafði ekki heimild til fullnaðarafgreiðslu mála þá hefði borið að vísa því til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Vegna þessa hefði verið rétt að fresta fundi félagsins þar til staðfesting bæjarstjórnar lá fyrir. Í upphafi aðalfundar Félagsheimilisins ehf. bauð formaður stjórnar Jóhanna G. Jónasdóttir upp á að fundinum yrði frestað, fundarmenn töldu ekki ástæðu til þess. Í fyrirspurninni er óskað eftir að undirritaður geri grein fyrir með hvaða hætti bæjarstjórn hyggist bregðast við álitinu. Ekki tel ég mig hafa umboð til að ákveða með hvaða hætti bæjarstjórn bregðist við álitinu. En mín skoðun er sú að það þurfi að gæta þess að ákvarðanir bæjarráðs þurfi að fá staðfestingu bæjarstjórnar áður en þær teljast gildar. Nú er það öllum ljóst að þar hefur stundum á vantað þegar mál bera að með skjótum hætti og þurfa að fá skjóta afgreiðslu. Vona ég að þetta svar svari þeim spurningum sem fram voru settar.”*

Fremstagili 29. október 2003,

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar.

Fulltrúar D-lista óskuðu eftir svohljóðandi bókun. “Með úrskurði félagsmálaráðuneytisins var ljóst að ekki var staðið rétt að ákvörðun um val á fulltrúa sem færi með atkvæðisrétt Blönduóssbæjar á aðal fundi Félagsheimili Blönduóss ehf. Fram kemur í úrskurðinum að: „Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur hafi verið í bæjarráði um meðferð atkvæðisréttar á aðalfundi Félagsheimili Blönduóss ehf. Þar af leiðandi var bæjarráði óheimil fullnaðarafgreiðsla málsins og bar að vísa því til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.” Þar af leiðir að sú aðgerð, að framfylgja ákvörðuninni var óheimil og því hafði fulltrúi Blönduóssbæjar ekki kjörgengi á aðalfundinum sem fram fór þann 28. ágúst síðastliðinn, strax eftir bæjarráðsfund sama dag. Þessi ákvörðun og framgangur hennar er því á ábyrgð þeirra bæjarfulltrúa sem tóku þátt í henni án tilskylds umboðs bæjarstjórnar Blönduóssbæjar”. Undir bókunina rituðu þeir Ágúst Þór Bragason og Auðunn Sigurðsson.

b) Hugmynd að stofnun fasteignaþróunarfélags.

Lagt var fram minnisblað frá Nýsi hf. vegna fundar með bæjarfulltrúum og bæjarstjóra þann 28. október sl.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að stofna starfshóp um málefni fundarins og taka upp umræðu um það á næsta fundi bæjarstjórnar.

c) Aðilaskipti vegna sölu á jörðunum Fremstagili og Glaumbæ. Bæjarstjórn samþykkti aðilaskiptin og fellur frá forkaupsrétti með 6 atkvæðum samhljóða. Valgarður Hilmarsson vék af fundi vegna skyldleika við málið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:10

Þórdís Hjálmarasdóttir  
Valdimar Guðmannsson  
Ágúst Þór Bragason  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Jóhanna G. Jónasdóttir

Ragnar Ingi Tómasson  
Auðunn Sigurðsson  
Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Ingþórsson